

Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 18. febrúar 2015.

Efni: Umsögn lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum (skipan ákærvalds, rannsókn efnahagsbrotamála o.fl.). Þingskjal 660 – 430. mál.


Lögreglustjórar eru almennt hlyntir frumvarpinu og hefðu einnig verið viljugir í að fá ákærvald í fleiri málaflokkum til sin en er í frumvarpinu segir. Meðferð ákærvalds hefur verið rædd í félagi lögreglustjóra og hafa lögreglustjórar verið upplýstir um gang mála.

Félagið telur mikilvægt að sérþekking í alvarlegri brotum verði til staðar í nýju embætti s.s. kynferðisbrot, manndráp, brot gegn valdstjórninni o.fl. Mikilvægt er að fagþekking og sérhæfing sem nú er hjá embætti ríkissaksóknara tapist ekki við breytinguna og starfsmenn flytjist frá ríkissaksóknara til hins nýja embættis.

Teljum að hið nýja embætti verði að vera með tvær stoðir þar sem málaflokkarnir eru ólíkir, annars vegar efnahagsbrot og hins vegar alvarlegri brot þannig að sérhæfing og fagþekking haldist sem best. Helst er hagræði að hafa þessa mála flokka undir einni stjórn.

Þá gerir félagið athugasemd við kostnaðargreiningu fjármálaráðuneytisins í frumvarpinu varðandi lögregluna. Erfitt að sjá hvaða rök eru á bak við fjárframlag frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til hins nýja embættis. Þá er ekki að finna í umfjöllun fjármálaráðuneytisins um fjárhagsleg áhrif á lögreglustjóra vegna aukinna verkefna við saksókn en greining á þeirri vinnu ætti að liggja fyrir svo og kostnaður við þau verkefni í aðdraganda lagasetningar þessarar.

Virðingarfyllst,



Halla Bergþóra Björnsdóttir
formaður Lögreglustjórafélags Íslands